

VAXTARSAMNINGUR FYRIR HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



Efling lítilla og meðalstórra fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu

Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands

Mars 2014

Þessi skýrsla er hluti af Sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið 2013 sem er fjármögnuð m.a. af ríkissjóði samkvæmt sérstökum samningi þar um. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vinna eftir sóknaráætluninni og úr henni og bera ábyrgð á framgangi þeirra verkefna sem falla undir hana.

Innihald, skoðanir og niðurstöður eru á ábyrgð skýrsluhöfunda.
Útgefið af Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, mars 2014.



Einkenni fyrirtækja

- Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu eru 61,2% af heildarfjölda fyrirtækja á Íslandi. Mikill meirihluti þeirra eru örfyrirtæki með færri en 10 starfsmenn. Flest störf er að finna í heild- og smásöluverslunum, framleiðslufyrirtækjum og gisti- og veitingarekstri.
- Hæstu launin eru greidd í fiskveiðum, fjármála- og váttryggingastarfsemi og hjá veitum.
- Flest fyrirtæki sem eru stofnuð eru einyrkjafyrirtæki og slík fyrirtæki eru einnig oftast afskráð.
- Engin samræmd þjónusta er að finna hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu fyrir frumkvöðla og stjórnendur fyrirtækja.
- Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu hafa mun minni aðgang að styrkjum en fyrirtæki á landbyggðinni.
- Vaxtarfyrirtæki eru fátíð, þau eru hlutfallslega fá á Íslandi og byggja á hefðbundinni tækni (ekki þekkingarfyrirtæki eins og annars staðar á Norðurlöndum).



Tillögur til úrbóta:

- Lagt er til að koma á fót *sameiginlegri þjónustugátt* fyrir stofnun fyrirtækja, starfsleyfi og stuðning varðandi veitingu leyfa. Einnig að opna *þjónustuver eða fyrirtækjastofu* þar sem viðskiptavinir leita til þjónustufulltrúa sem aðstoða þá innan kerfisins. Setja enn fremur á fót *vefgátt* með öllum helstu upplýsingum sem tengjast stofnun og rekstri fyrirtækja þar sem allar umsóknir eru rafrænar. *Bæta ber leiðbeiningar* um útfyllingu umsókna, leitast við að *stytta afgreiðslufrest umsókna, hafa umsóknir rafrænar og samnýta miðlæg opinber gögn*.
- Kanna þarf möguleika á að hafa *sameiginlegt byggingareftirlit á höfuðborgarsvæðinu*.
- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu kanni leiðir til að veita lán og styrki til fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu í samanburði við fyrirtæki á landsbyggðinni.
- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafi forgöngu um að leiða saman hagsmunaaðila til að efla klasa af ólíku tagi eins og í sjávarútvegi, líftækni, heilbrigðistækni og skapandi greinum. Huga þarfa að skipulagi höfuðborgarsvæðisins í því tilliti varðandi samgöngur, lóðir og tengsl við menntastofnanir og mikilvæga þjónustukjarna.
- Greina þarf frekar einkenni og eiginleika vaxtarfyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu, svo sem í hvaða atvinnugrein þau eru helst að finna og hversu stór þau eru.





1	INNGANGUR	6
2	EINKENNI LÍTILLA OG MEÐALSTÓRRA FYRIRTÆKJA	7
2.1	Skilgreiningar	7
2.2	Sveigjanleiki og frumkvæði	7
2.3	Vaxtarfyrirtæki	10
2.4	Regluverk og stuðningur við lítil og meðalstór fyrirtæki	12
3	LÍTIL OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU	17
3.1	Tölfræði um fyrirtæki	17
3.2	Fjöldi og stærð fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu	17
3.3	Laun og launaþróun	21
3.4	Nýstofnun fyrirtækja	22
3.5	Samantekt	25
4	TILLÖGUR TIL EFLINGAR LITLUM OG MEÐALSTÓRUM FYRIRTÆKJUM Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU	26
4.1	Fjármögnun og styrkir	27
4.2	Ráðgjöf til stjórnvalda	27
4.3	Almenn ráðgjöf til nýsköpunar- og smáfyrirtækja	27
4.4	Stuðningur við vaxtarfyrirtæki	27
5	HEIMILDASKRÁ	29
6	VIÐAUKI	31
6.1	Reglur, leyfisveitingar og stofnun fyrirtækja	31



Meginþorri fyrirtækja í Evrópu tilheyrir hópi lítilla og meðalstórra fyrirtækja og er mikilvægt afl í flóru atvinnulífsins. Þau eru atvinnuskapandi og auka jafnframt hagvöxt og nýsköpun. Innan Evrópusambandsins (ESB) eru lítil og meðalstór fyrirtæki 99% allra fyrirtækja og skapa tvo þriðju hluta starfa á almennum markaði.¹ Þessi fyrirtæki byggja á mannauði og þekkingu þeirra sem þar starfa og þau veita atvinnu og fjármagni í samfélagið. Svipað er uppi á teningnum í Bandaríkjunum.² Það er því mikilvægt að skoða þessi fyrirtæki nánar.

Markmið þessarar skýrslu er að kynna aðgerðaáætlun til að efla stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Í því felst eftirfarandi:

- Draga upp skýra mynd af núverandi stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja í hagkerfi höfuðborgarinnar.
- Greina bestu leiðir til að hlúa að vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu í ljósi mikilvægis þeirra sem uppsprettu nýsköpunar og nýgengis í fyrirtækjaflórinni.
- Draga m.a. fram hlutverk sveitarfélaganna við að tryggja stöðu fyrirtækjanna og setja fram skýr markmið og tímasettar aðgerðartillögur.

Þegar vinnsla verkefnisins var komin áleiðis breyttust áherslur þess með þeim hætti að skoða sérstaklega vaxtarfyrirtæki (e. rapid/high growth) og hvernig megi greina þau og hlúa að þeim. Þá var einnig ákveðið að beina sjónum að því hvernig mætti einfalda regluverk til að auðvelda stofnun og rekstur fyrirtækja.

Þessi skýrsla er unnin af Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor var verkefnisstjóri og Jón Snorri Snorrason lektor vann einnig að skýrslunni.

¹ Evrópusambandið, 2005.

² Cassell o.fl., 2002; O'Regan og Ghobadian, 2004; Rutherford, McMullen og Oswald, 2001.



2.1 Skilgreiningar

Fram að þessu hefur ekki náðst sátt um skilgreiningu á stærð fyrirtækja. Æ fleiri hafa þó hin síðari ár stuðst við skilgreiningu Evrópusambandsins á stærð og veltu fyrirtækja. Þar segir að lítil og meðalstór fyrirtæki (hér eftir skammstafað LMF) séu fyrirtæki sem hafa færri en 250 starfsmenn og hafa veltu sem er undir 50 milljónum evra (7.800 milljónum ÍKR) eða efnahagsreikningur sem er undir 43 milljónum evra (6.700 milljónum ÍKR). Ef velta eða efnahagsreikningur er yfir mörkum telst fyrirtækið ekki LMF. Jafnframt telst fyrirtæki ekki LMF ef yfir 25% eignarhalds er í eigu stórfyrirtækja.³ Nánari flokkun er að finna í töflu 2.1.

Tafla 2.1. Viðmiðunartafla frá Evrópusambandinu um stærð lítilla og meðalstórra fyrirtækja.⁴

Stærð fyrirtækja	Starfsmenn	Velta	Efnahagsreikningur
Meðalstór	50-250	1560-7800 m. ÍKR	1560-6700 m. ÍKR
Lítill	11-49	312-1560 m. ÍKR	312-1560 m. ÍKR
Örfyrirtæki	< 10	≤ 312 m. ÍKR	≤ 312 m. ÍKR

Ekki eru allir sammála því að starfsmannafjöldi og velta segi allt um skipulag og starfshætti fyrirtækja. Torres og Julien⁵ benda á að smáfyrirtæki eigi mörg sameiginleg einkenni eins og að framleiða fyrir nærmarkað, hafa ekki mótað sér stefnu, eigandi/framkvæmdastjóri sé driffjöldur rekstrar, verkaskipting sé lítil og upplýsingakerfi séu óformleg. Einnig má bæta við að LMF ráða aðallega starfsfólk úr næsta umhverfi og lítill hluti tekna kemur af útflutningi.⁶ Fyrirtæki sem eru t.d. með umfangsmikinn útflutning eða starfsemi erlendis myndu því ekki flokkast sem smáfyrirtæki samkvæmt líkani Torres og Julien.

2.2 Sveigjanleiki og frumkvæði

Rannsóknir hafa leitt í ljós að stærð fyrirtækja og stofnana (mælt í fjölda starfsfólks) hefur mikil áhrif á skipulag þeirra.⁷ Eftir því sem fyrirtæki stækka vex að sama skapi sérhæfing þeirra, stöðlun og formleg samskipti. Þau einkennast með öðrum orðum af regluveldi (e. bureaucracy) og vélrænu skipulagi (e. mechanistic structure). Pugh og Hickson⁸ telja að skýra megir þá þróun á þann veg að þegar

³ Evrópusambandið, 2005.

⁴ Evrópusambandið, 2005.

⁵ Torres og Julien, 2005.

⁶ Gallup, 2007.

⁷ Rutherford o.fl., 2001.

⁸ Pugh og Hickson, 1976.

fyrirtæki stækki aukist samhæfingarvandi (e. coordination problems) þeirra, þar sem starfsfólk þekki ekki hvert annað persónulega. Það kalli á formlegar leiðir til samhæfingar, svo sem starfslýsingar, reglur og skriflegar upplýsingar. Eins gerist það iðulega á fjölmönnum vinnustöðum að svipaðir atburðir gerast síendurtekið – að taka á móti nýju starfsfólki, senda reikninga o.fl. Mikið hagræði felst í því að staðla hluti og móta leiðbeinandi reglur. Afleiðing þessa er, eins og fyrr segir, aukið regluveldi.

Lítill fyrirtæki hafa jafnan fá stjórnunarlög og mörg einkenni lífræns stjórnskipulags (e. organic structure), sem hvetur til frumkvæðis og nýsköpunar (sjá töflu 2.2).

Tafla 2.2. Lífrænt og vélrænt skipulag⁹

Vélrænt skipulag	Lífrænt skipulag
Verkefni eru brotin niður í sérhæfða, aðgreinda hluta	Starfsfólk leggur sitt af mörkum til almennra verkefna innan deilda
Verkefni eru vel skilgreind	Unnið er að verkefnum í liðsvinnu og þau endurskilgreind eftir þörfum
Völd eru vel skilgreind, eftirlit skýrt og margar reglur	Völd eru síður skilgreind, eftirlit minna og færri reglur
Miðstýring á þekkingu og eftirliti með verkefnum meðal æðstu stjórnenda	Þekking og eftirlit á verkefnum er víða að finna í skipulagsheild
Boðskipti eru lóðrétt	Boðskipti eru lárétt

Samskipti eru óformleg og lítið er um fastmótaðar reglur. Eftirlit með starfsemi byggir að stórum hluta á eiganda fyrirtækisins og afstöðu hans og formleg stefna er oftast ekki til staðar.¹⁰ Flestir frumkvöðlar hafa hins vegar tiltölulega skýra framtíðarsýn. Samkeppnishæfni LMF byggir gjarnan á háu persónulegu þjónustustigi, sérhæfðri þekkingu, góðri þekkingu á heimamarkaði og gagnreyndum lausnum.

Umfangsmikil evrópsk rannsókn meðal LMF leiddi í ljós margháttaðan vanda sem slík fyrirtæki standa frammi fyrir.¹¹ Tæplega helmingur stjórnenda taldi að kaupmáttur neytenda háði rekstri; 36% nefndu flókið og mikið regluverk og svipað hátt


⁹ Daft, 2007.

¹⁰ Daft, 2007.

¹¹ Gallup, 2007.

hlutfall svarenda nefndi að dýrt vinnuafl og aðgengi að mannauði væri vandamál. Í könnuninni kom einnig fram að einungis 10% af tekjum koma frá nýsköpun eða vöruþróun og í 37% fyrirtækja var engin vöruþróun í gangi. Í því sambandi kvörtuðu smáatvinnurekendur yfir því að erfitt aðgengi að fjármagni, skortur á hæfu starfsfólki, ónæg eftirspurn á markaði og dýrt vinnuafl hamlaði helst nýsköpun. Um 90% starfsfólks LMF í könnuninni var ráðið í nánasta umhverfi fyrirtækjanna. Einungis 4% fyrirtækja réði erlent vinnuafl (7% á Íslandi). Niðurstöður skýrslunnar eru nokkuð gamlar, en flestar þeirra eru líklega svipaðar í dag, nema ef vera skyldi auðveldara aðgengi að vinnuafli í kjölfar efnahagssamdráttar og vaxandi atvinnuleysis.

Innlendar rannsóknir haf leitt í ljós að smáfyrirtæki á Íslandi eru frekar óformleg (hafa fáar skriflegar reglur og verklýsingar) eins og fram kemur á mynd 2.1. Þannig eru liðlega 10% minnstu fyrirtækjanna með skriflegar reglur og verklýsingar í samanburði við um 67% stærstu fyrirtækja. Tiltölulega fá smáfyrirtæki hafa starfslýsingar fyrir stjórnendur, sérfræðinga og almennt starfsfólk. Aðeins 7% minnstu fyrirtækjanna hafa skriflega starfsmannastefnu og fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn eru ólíkleg til að hafa samþykkt stjórnskipulag. Íslenskum smáfyrirtækjum svipar því mjög til erlendra fyrirtækja af sömu stærð; þau eru óformleg og sveigjanleg og falla vel að skilgreiningu Torres og Juliens.



Mynd 2.1. Nokkrir þættir skipulagsmála eftir stærð íslenskra fyrirtækja.¹²

¹² Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2006; Ingi Rúnar Eðvarðsson og Guðmundur Kristján Óskarsson, 2008.

2.3 Vaxtarfyrirtæki

Stjórnvöld víða um heim hafa leitast við að efla vöxt nýrra fyrirtækja með ýmsum ráðum. Markmiðið er að fjölga störfum, auka nýsköpun og efla svæðisbundna þróun.¹³ Vaxtarfyrirtæki (e. rapid/high growth) hafa fengið mikla athygli í því samhengi. Á Norðurlöndum er áætlað að 602 vaxtafyrirtæki (gasellur) hafi skapað 29.588 ný störf á tímabilinu 2006-2009. Á Íslandi er fjöldi fyrirtækja sex og þau hafa skapað 130 ný störf.¹⁴ Sérfræðingar eru ekki sammála um skilgreiningu á vaxtarfyrirtækjum, en margir styðjast við skilgreiningu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Hún skilgreinir vaxtafyrirtæki sem þau fyrirtæki sem vaxa meira en 20% á ári yfir þriggja ára skeið. Þar er annað hvort litið til fjölgunar starfsfólks eða aukinnar veltu. Þar er einnig mælt með því að miða við fyrirtæki með fleiri en 10 starfsmönnum.¹⁵ Í skýrslu frá sömu stofnun er bent á að hraður vöxtur sé umbreytingaskeið í þróun flestra fyrirtækja.¹⁶ Vaxtarfyrirtæki eru tiltölulega fátíð og eru 2,9-8,9% fyrirtækja þegar miðað er við fjölgun starfa innan OECD-ríkja.¹⁷

Rannsóknir á vaxtarfyrirtækjum eru margar og eru niðurstöður þeirra ekki óyggjandi. Erfitt er að koma auga á einn þátt sem skýrir hraðan vöxt óháð staðbundnum aðstæðum, en mögulegt er að greina nokkra þætti sem virðast efla fyrirtæki til frekari vaxtar.¹⁸

Þannig þarf viðskiptahugmynd að höfða til neytenda. Þar kemur *nýsköpun* í víðum skilningi inn í myndina, svo sem vöruþróun, skipulagsbreytingar, nýjar stjórnunar-aðferðir og fleira. Á litlum markaði eins og þeim íslenska er *útflutningur* oft forsenda vaxtar,¹⁹ eins og sjá má af íslenskum sjávarútvegi og leikjaiðnaði. Enn fremur þarf að vera til skipulagsleg geta innan fyrirtækja til að stjórna og skipuleggja framleiðsluferlið.²⁰ Reynsla *frumkvöðla* af rekstri fyrirtækja hefur mikið að segja um árangur fyrirtækja. Hér er átt við reynslu af stofnun fyrirtækja, eignatilfærsla (e. spin-off) og fleira. Einnig hafa rannsóknir leitt í ljós að fjölgun í hópi eigenda fljótlega eftir að fyrirtæki eru stofnuð hjálpa mjög upp á rekstrarárangur – það felur í sér meiri reynslu sem gagn má hafa af, sem og aukið fjármagn og ekki síst stórauvin sambönd við birgja, viðskiptavinum og fleiri. Þá virðast

¹³ OECD, 2010.

¹⁴ Nordic Innovation, 2012.

¹⁵ OECD, e.d.a.

¹⁶ OECD, 2010.

¹⁷ OECD, e.d.b.

¹⁸ OECD, 2010.

¹⁹ Fredrico o.fl., 2012; Golovoko og Valentini, 2011; Littunen og Niitykangas, 2010; Mohr og Garnsey, 2011.

²⁰ Chan, Bhargava og Street, 2006.

jákvæðar væntingar frumkvöðla (að geta verið sjálfs síns herra) hafa jákvæð áhrif á reksturinn. Vilji til vaxtar²¹ er einnig mikilvægur til að fyrirtæki vaxi hratt. Vaxtarfyrirtæki eru líklegri til að fá *fjárfestingu* frá áhættusjóðum (e. venture funds) en önnur fyrirtæki. Þau eru einnig að jafnaði með stærra *tengslanet*.

Í nýlegri norrænni skýrslu um vaxtarfyrirtæki kemur fram að Norðurlöndin standi sig vel í stofnun fyrirtækja og að viðhorf til frumkvöðla sé almennt jákvætt.²² Fá fyrirtæki ná því þó að verða stór (með fleiri en 50 starfsmenn) og standast alþjóðlega samkeppni. Það virðist tengjast ónægri þekkingu og leikni í rekstri fyrirtækja (frumkvöðlafærni – e. *entrepreneurial capabilities*). Ísland hefur nokkra sérstöðu meðal norrænna ríkja. Bæði eru færri fyrirtæki hér á landi, svo sem vænta má miðað við fólksfjölda, og flest vaxtarfyrirtækin hér á landi byggðu á hefðbundinni framleiðslu eða þjónustu (e. *low tech*) á meðan flest norrænu vaxtarfyrirtækin byggðu á sérhæfðri þekkingu eða tækni (e. *knowledge intensive*).

Í nýlegri könnun á útvistun í íslenskum fyrirtækjum kom í ljós að þau fyrirtæki sem höfðu hvað hraðastan vöxt í veltu (meira en 10% á síðustu þremur árum) höfðu ákveðin sérkenni. Þau höfðu frekar mótað stefnu um útvistun (28% í samanburði við 9% fyrirtækja með minna en 3% vöxt) og þau útvistuðu meira en önnur fyrirtæki. Líðlega níu af hverjum tíu hraðvaxtarfyrirtækjum útvistuðu verkefnum, en það var aðeins raunin hjá 55% fyrirtækja þar sem samdráttur hafði verið í veltu. Þau útvista frekar launa- og fjármálum, símsvörum, bókhaldi og bakvinnslu (stoðþjónusta) en önnur fyrirtæki. Þá telja stjórnendur vaxtarfyrirtækja í ríkari mæli en aðrir stjórnendur að viðskiptavinum sé veitt betri þjónusta, að virðisauki hafi aukist og að kostnaður hafi lækkað í kjölfar útvistunar. Nánari greining leiðir í ljós að 64% vaxtarfyrirtækja telja að kostnaður hafi lækkað í samanburði við 31% fyrirtækja sem hafði veltuaukningu upp á innan við 3%.²³

Að lokum er þess að geta að nýsköpunarstarf og ný þekking spretta iðulega fram í smáfyrirtækjum í formlegu og óformlegu tengslaneti. Þar er samstarf milli fyrirtækja, birgja og viðskiptavina mikilvægt, þó svo aðrir aðilar séu einnig mikilvægir – ekki síst fagfélög og samtök atvinnurekenda. Ennfremur sprettur ný þekking fram í því lærdómsferli að fást við ný og óvænt vandmál.²⁴

²¹ OECD, 2010.

²² Nordic innovation, 2013.

²³ Ingi Rúnar Eðvarðsson og Unnur Diljá Teitsdóttir, 2013.

²⁴ Durst, Edvardsson og Bruns, 2013.

2.4 Regluverk og stuðningur við lítil og meðalstór fyrirtæki

Aðgerðir stjórnvalda til að móta skilyrði fyrir uppbyggingu og þróun atvinnugreina má nefna atvinnustefnu. Hún á að tryggja samræmda aðkomu stjórnvalda gagnvart atvinnugreinum, bæði með hliðsjón af markmiðssetningu og samhæfingu aðgerða. Til þess að ná því markmiði þarf að samhæfa aðgerðir og úrræði sem verða að hafa það markmiði að bæta rekstrarskilyrði atvinnugreina.

Sveitarfélög, í samráði við ríkisvaldið, geta mótað almennar reglur um rekstrarskilyrði sem skapa hagstæðara rekstrarumhverfi en annars væri. Við mótun atvinnustefnu þarf að vera samráð atvinnulífs og stjórnsýslu til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með atvinnustefnu gagnvart LMF. Atvinnustefna sveitarfélaga snýr einkum að leyfisveitingum til fyrirtækja, styrkveitingum og lánum (atvinnuþróunarfélög sem eru í eigu sveitarfélaga) og skilvirkri og áreiðanlegri stjórnsýslu.

Öll fyrirtæki fara í gegnum ferli frá því að viðskiptahugmynd fæðist, fyrirtæki er stofnað og rekstur hefst. Þau þurfa aðföng eins og fjármagn, vinnuafli, húsnæði, hráefni, vélar og tæki og starfsleyfi. Þarfir fyrirtækja eru mjög ólíkar eftir því hvar þau eru stödd í þróunarferlinum. Hér er gengið út frá því að húsnæðis- og vinnumarkaður á höfuðborgarsvæðinu virki það vel að sérúrræða sé ekki þörf í þeim efnum, né varðandi aðgang að hráefni og tækjum.

Á viðskiptahugmyndarstigi þarf að sækja um margvísleg vottorð og leyfi, afla húsnæðis, ráða starfsfólk, stofna bankareikning og útvega hlutafé og lán. Samkvæmt samantekt Alþjóðabankans²⁵ tekur það um 4,5 daga að stofna fyrirtæki á Íslandi. Það er nokkuð undir meðaltali OECD-ríkja sem er 11,5 dagar. Tímafrekustu þættirnir í ferlinu eru að fá byggingarleyfi (41 dagar); útvega lán (42 dagar); inn- og útflutningur (50 dagar) og vernd fjárfesta (52 dagar). Tafla 2.3 sýnir hvaða upplýsingar og ráð er að finna þegar stofna skal fyrirtæki, hvaða leyfi þarf til og hvar er mögulegt að sækja um styrki og lán.

²⁵ Alþjóðabankinn (2014).

Tafla 2.3. *Upplýsingar og ráðgjöf, leyfi og styrkir og lán til nýrra fyrirtækja. Upplýsingar í töflunni eru ekki tæmandi.*

Upplýsingar og ráðgjöf	Leyfi*	Styrkir og lán
Atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni Nýsköpunarmiðstöð Íslands – Impra • Námskeið • Að stofna og reka fyrirtæki • Algeng leyfi • Mismunandi félagsform • Fjármögnun Ráðgjafa- og endurskoðunarfyrirtæki • Margvísleg ráðgjöf og stuðningur gegn gjaldi við að stofna fyrirtæki	Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóri • Kennitala Sveitarfélög • Skipulags- og byggingarmál • Brunavarnir • Umhverfis- og heilbriðgis-fulltrúi Sýslumenn • Margvísleg starfsleyfi	Vaxtarsamningar á landsbyggðinni²⁶ • 50% af kostnaði styrkt gegn móttframlagi til að styðja við fyrirtæki, efla klasa og samstarf. Alls 215 milljónir árlega. Nýsköpunarmiðstöð Íslands – Impra²⁷ • Átak til atvinnusköpunar • Starfsorka • Eigið frumkvöðlastarf • Ísland allt árið Utan höfuðborgarsvæðis • Framtak • Skrefi frammar • Frumkvöðlastuðningur • Klasar • Krásir • Vaxtarsprotar • Norðursprotar RANNÍS²⁸ • Rannsóknarsjóður • Tækjakaupasjóður • Innviðasjóður • Nýsköpunarsjóður námsmanna Atvinnvega- og nýsköpunarráðuneyti • Rannsóknarsjóður í sjávarútvegi • Orkusjóður

*Skýringar * Sjá nánari upplýsingar í viðauka.*

²⁶ Atvest, þróun og ráðgjöf, e.d.

²⁷ Frumkvöðlar, e.d.

²⁸ rannis.is

Taflan leiðir tvennt áhugavert í ljós. Í fyrsta lagi er engin samhæfð þjónusta á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við frumkvöðla og stofnendur fyrirtækja, þó svo að Nýsköpunarmiðstöð Íslands sé staðsett í Reykjavík. Ef aðstoðar er leitað, t.d. á vefsvæðinu www.reykjavik.is, er lítið um aðgengilegar upplýsingar að ræða og t.a.m. kemur ekkert upp þegar slegið er inn „stofna fyrirtæki“. Í könnun frá 2011, sem Maskínan gerði fyrir Reykjavíkurborg og ber heitið *Stofnun nýrra fyrirtækja í Reykjavík*, var viðhorf kannað meðal þeirra forsvarsmanna sem stofnuðu fyrirtæki árið 2010 um hve aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar af þessu vefsvæði hefðu verið. Niðurstöðurnar styðja ofangreinda fullyrðingu, þar sem einungis innan við 8% fóru inn á þetta vefsvæði, reykjavik.is, til að leita sér upplýsinga og aðeins einn fann þar allt sem hann leitaði að.

Í öðru lagi býðst fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu mun minna af styrkjum en fyrirtækjum annars staðar á landinu. Því valda aðallega reglur EES um að ekki megi styrja atvinnustarfsemi á höfuðborgarsvæðinu með vaxtarsamningum. Einnig eru margir þeirra styrkja sem eru í boði frekar miðaðir við atvinnulíf landsbyggðar (sjávarútvegur, landbúnaður og ferðaþjónusta). Hér er því um samkeppnishindrun að ræða sem þarf að huga að, sérstaklega í ljósi þess að aðgangur að fjármagni er nýjum fyrirtækjum lífsnauðsyn. Nýleg könnun meðal sprotafyrirtækja leiðir þannig í ljós að 74% svarenda telja að aðgengi að hlutafé sé slæmt hér á landi, um 80% telja aðgengi að lánsfé hjá fjármálastofnunum sé slæmt og margir óska eftir betri rekstrarumhverfi.²⁹ Það þarf því að kynna betur þá möguleika sem fyrirtæki hafa varðandi opinberan stuðning. Kerfið er flókið og erfitt að átta sig á þeim möguleikum sem standa til boða. Umsóknarformin eru byggð upp með misjöfnum hætti og gerð er krafa um mismunandi upplýsingar, þó verið sé að sækja um stuðning til sömu eða sambærilegra verkefna. Hér þarf að því að samræma og auka samvinnu þessara aðila til að mismunandi áherslur tiltekinna stuðningsverkefna/sjóða komi betur fram. Með þessu móti er líklegra að valin sé rétt leið, þ.e. að sótt sé í réttan sjóð og auðveldað aðgengi matsaðila að upplýsingum um annan stuðning til umsækjanda. Með þessu móti minnka líkur á því að umsóknir fái hvergi styrk, þ.e.a.s. að ein stofnun geri ráð fyrir að önnur styrki og öfugt. Það minnkar einnig líkur á að sama verkefni fái tvisvar eða oftar stuðning í sama verkhluta/verkefni.

Á landsbyggðinni eru það atvinnuþróunarfélög á hverju svæði sem sinna nærþjónustu við aðila í atvinnurekstri og til þeirra er hægt að leita með ýmsar spurn-

²⁹ Capacent, 2013.

ingar varðandi rekstur og viðskipti. Hlutverk og markmið þeirra er að vera einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarstjórnnum til aðstoðar á sviði atvinnumála, greina hver aðstoð getur orðið við að greina vandamál og veita leiðbeiningar um hvar er hægt að fá aðstoð, bæði fjárhagslega og tæknilega frá stoðkerfum atvinnulífsins. Aðstoð getur verið veitt við gerð umsókna til sjóða, við gerð rekstrar- og kostnaðaráætlana eða við markaðsmál.³⁰

Einnig sinnir Impira (Nýsköpunarmiðstöð Íslands) þessu hlutverki á landsvísu og býður upp á ýmis námskeið og styrki til frumkvöðla á ýmsum sviðum. Hjá Nýsköpunarmiðstöð er að finna gagnlegar upplýsingar tengdar fyrirtækjarekstri, t.d. á krækjunni [Að stofna og reka fyrirtæki](#). Jafnframt býður Nýsköpunarmiðstöð upp á ýmis námskeið og gagnlega verkfærakistu á heimasíðu sinni.

Í könnun Maskínu og viðtölum við stjórnendur og stofnendum fyrirtækja kemur fram að skortur er á leiðbeiningum og upplýsingum um hversu marga staði þarf að heimsækja, sem gerir það að verkum að mönnum finnst flókið að stofna fyrirtæki. Í mörgum tilvikum er ferlið jafnframt bæði tímafrekt og kostnaðarsamt. Margir greiddu fyrir þá þjónustu sem veitt er við að stofna einkahlutafélag, þ.e. að fylla út þau form sem krafist er og senda inn gögn til Fyrirtækjaskrár. Þessi kostnaður er um 100-200 þúsund kr. Flestum kann þó að koma á óvart hvað gögnin sem senda á til Fyrirtækjaskrár eru í raun stöðluð og í flestum tilvikum eiga flestir að geta gert þetta og nýtt þessa fjármuni í annað.

Varðandi leyfisveitingar kalla flestir þátttakendur eftir því að fá upplýsingar og aðstoð við umsókn um leyfi þar sem mikill tími getur farið í að kynna sér regluverkið og eins vantar leiðbeiningar um hvaða leyfi þarf, hvar þau er að finna og hvernig menn eigi að bera sig að, og loks í hvaða röð þarf að afla tilskilinna leyfa, þar sem eitt leyfi getur verið forsenda þess næsta. Auk þess er oft verið að biðja um sömu upplýsingar aftur og aftur, t.d. vottorð úr fyrirtækjaskrá, búsetuvottorð og skráningu á vsk.-skrá. Með umsókn um leyfi þarf að fylgja mikið af upplýsingum sem leyfisgjafi gæti séð í upplýsingakerfi hins opinbera, t.d. um búsetu, skuldastöðu, sakaskrá, vsk.-númer og fleira. Mikil skriffinnska fylgir mörgum umsóknareyðublöðum og kvarta margir yfir því að umsóknir um leyfi séu ekki öll á rafrænu formi. Æskilegt væri að fyrir lægi hvenær erindum verði svarað þegar sótt er um leyfi til opinberra aðila.

Fram kom að umsóknir um og stjórnsýsla með byggingarleyfi sé hvað flóknust, en þessi atriði snúa að þáttum eins og staðsetningu fyrirtækja og breytingu á nýtingu húsnæðis. Jafnframt var bent á að það þyrfti að samræma kröfur um brunavarnir

³⁰ Byggðastofnun, e.d..

og fækka undanþágum eldri fyrirtækja frá kröfum sem ný fyrirtæki þurfa að uppfylla. Skerðir það í raun samkeppni þeirra sem starfa í sömu grein.

Ferðapjónustan sér á parti

Sú atvinnugrein sem nú um stundir er í hvað örustum vexti, ferðapjónusta, þarf flest leyfi til starfsemi sinnar. Fyrirtæki sem veita upplýsingar um ferðamál, skipuleggja ferðir eða eru með ferðaskrifstofu þurfa að sækja um starfsleyfi til Ferðamálastofu. Ef fyrirtæki óska eftir að veita viðbótarþjónustu í ferðatengdri starfsemi, t.d. afþreyingu, mat, vín eða flutning á fólki, kallar hver þáttur um sig á fleiri leyfi. Þau fyrirtæki sem bjóða upp á gistingu eða veitingar þurfa að sækja um leyfi til sýslumanns og viðkomandi sveitarfélags. Sótt er um mismunandi leyfi, með mismunandi kröfur, fyrir eftirfarandi tegundir gististaða:

- gististaðir með eða án veitinga
- gististaður með veitingum og líka mínibar
- gististaður með veitingum, þ.m.t. áfengisveitingum

Ef gististaður án veitinga færi að bjóða morgunverð yrði að sækja um viðbótarleyfi. Ef farið væri með veitingar utanhúss þyrfti viðbótarleyfi til útveitinga. Útveitingar eru ávallt tengdar afmörkuðu svæði og ef gestir færu með t.d. vínglas út fyrir þann hluta lóðar sem væri innan marka leyfisins bryti félagið lög.





3.1 Tölfræði um fyrirtæki


Hagstofa Íslands heldur margvíslega tölfræði um fyrirtæki, félagasamtök og opinberar stofnanir. Hagstofan tekur saman yfirlit yfir fyrirtæki og stofnanir sem hafa fengið kennitölu og eru á fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra. Á vef Hagstofunnar er að finna margvíslegt talnaefni um fyrirtæki á Íslandi, svo sem um rekstrarform þeirra, stærð, atvinnutekjur, veltu, nýskráningar og gjaldþrot. Einnig gefur Hagstofan út árlega *Landshagi* þar sem dregnar eru saman margvíslegar tölur um alla helstu málaflokka sem Hagstofan safnar reglulega. Almennt má því segja að mikið er af aðgengilegum upplýsingum um fyrirtæki á Íslandi en í mörgum tilvikum eru nýjustu tölur gamlar en einnig vantar frekari greiningar. Þar má nefna greiningu eftir sveitarfélögum, aðgreiningu á starfsstöðvum fyrirtækja, greiningu á menntun starfsfólks eftir atvinnugreinum og ekki síst greiningu á líftíma fyrirtækja (e. succession rate) eftir atvinnugreinum. Þá vantar greiningu á vaxtarfyrirtækjum og hver sérkenni þeirra eru í samanburði við önnur fyrirtæki.

3.2 Fjöldi og stærð fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands voru 15.231 fyrirtæki starfandi á höfuðborgarsvæðinu árið 2012.³¹ Talan nær bæði til fyrirtækja og einyrkja, en ekki til ríkisstofnana, lífeyrissjóða eða félagasamtaka. Það er í samræmi við alþjóðlega flokkun. Byggt er á gögnum um staðgreiðslu fyrirtækja. Á sama ári voru starfandi 24.888 fyrirtæki á landinu öllu. Hlutdeild fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu í heildarfjölda fyrirtækja er því 61,2%. Þess ber þó að geta að ekki er enn búið að flokka starfsstöðvar fyrirtækja (lögheimili annars vegar og útibú þeirra hins vegar) og því gæti verið einhver skekkja í tölunum. Fyrirtæki, eins og bankar og bensínstöðvar, geta þannig haft áhrif á niðurstöðurnar.

³¹ Hagstofa Íslands, 2013.


Mikil meirihluti fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu hefur 1-9 starfsmenn, eða 13.962 fyrirtæki (91,6%). Næstalgengust eru fyrirtæki af stærðinni 10-49 starfsmenn, alls 1.061 fyrirtæki (6,7%). Þá koma 194 fyrirtæki með 50-249 starfsmenn (1,2%), en einungis 59 fyrirtæki hafa fleiri en 250 starfsmenn (0,4%). Hlutfallsleg skipting fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu er mjög svipuð skiptingunni á landsvísu eins og sjá má á mynd 3.1.



Mynd 3.1. Hlutfallsleg skipting fyrirtækja eftir stærð á höfuðborgarsvæði og landinu öllu árið 2012.

Minnstu fyrirtækin veita 26,5% starfsfólks á vinnumarkaði höfuðborgarsvæðisins (24.922). Hjá fyrirtækjum með 10-49 starfsmenn starfar 21,4% starfsfólks (20.119 manns). Tæp 20% starfa hjá fyrirtækjum með 50-250 starfsmenn (18.520 mans), en stærstu fyrirtækin ráða til sín 32,4% vinnuaflsins (30.442 manns).


Árið 2012 voru flest fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu skráð í sérfræðilega, vísindalega og tæknilega starfsemi (2.351 fyrirtæki), eins og fram kemur á mynd 3.2. Fyrirtæki í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð eru næstfjölmennasti flokkurinn (2.170 fyrirtæki), þá koma fyrirtæki í heild- og smásöluverslun (2.145 fyrirtæki). Veitur reka lestina, en til þess flokks heyra einungis 27 fyrirtæki. Frá árinu 2008 hefur orðið mesta fjölgunin í annarri starfsemi (aðallega opinber rekstur og atvinnustarfsemi innan heimilis) þar sem fyrirtækjum fjölgaði um 255, því næst fjölgaði um 113 fyrirtæki í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Langmesta fækkunin varð í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð þar sem fyrirtækjum fækkaði um 697, en fyrirtækjum fækkaði um 202 í flutningum og geymslu frá 2008.




Mynd 3.2. Fjöldi fyrirtækja eftir atvinnugreinum á höfuðborgarsvæðinu árið 2012.

Fjöldi starfa var ólíkur milli atvinnugreina árið 2012, eins og fram kemur á mynd 3.3. Flest voru þau í heild- og smásöluverslun, alls 20.346, en fæst í landbúnaði, fiskveiðum og frumvinnslu, 544. Þegar fjölda starfa er deilt á fjölda fyrirtækja í hverri atvinnugrein kemur í ljós á mynd 4.4 að rafmagns- og vatnsveitur eru fjölmennustu vinnustaðirnir með 66,8 starfsmenn að meðaltali, en í fjármála- og váttryggingastarfsemi eru 21,4 starfsmenn að meðaltali. Fámennustu vinnustaðina er að finna og í menningar-, íþróttar- og tómstundastarfsemi (2,4 starfsmenn) og hjá félagasamtökum (1,9 starfsmenn).






Mynd 3.3. Fjöldi starfa skipt eftir atvinnugreinum á höfuðborgarsvæðinu árið 2012.



Mynd 3.4. Meðalfjöldi starfsfólks í fyrirtækjum skipt eftir atvinnugreinum árið 2012.

3.3 Laun og launaþróun


Árið 2012 greiddu fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu með 50-250 starfsmenn hæstu meðallaunin, eða liðlega 5,5 milljónir kr. á ári. Það gera 460.263 kr. í mánaðarlaun (sjá mynd 3.5). Minnstu fyrirtækin greiddu lægstu launin, 2,9 milljónir kr. í árslaun (244.576 kr. í mánaðarlaun).




Mynd 3.5. Meðallaun árið 2012 eftir stærð fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu 2012.

Stærstu fyrirtækin eiga stærstu hlutdeildina í heildarlaunum sem greidd voru árið 2012 á höfuðborgarsvæðinu, eins og sjá má á mynd 3.6. Hlutdeild fyrirtækja sem hafa fleiri en 250 starfsmenn er 37,9% af heildarlaunagreiðslum, en minnstu fyrirtækin eiga hlutdeild í 18,4% launagreiðslna.

Eins og fram kemur á mynd 3.7 eru hæstu launin greidd í fiskveiðum þar sem árslaun eru liðlega 6,5 milljónir á ári (546.980 kr. í mánaðarlaun). Fjármála- og váttryggingafyrirtæki og veitufyrirtæki fylgja þar fast á eftir. Lægstu launin eru greidd í gisti- og veitingahúsarekstri (2,1 milljónir á ári) og hjá félagasamtökum (2,2 milljónir á ári). Launaupphæðir í gisti- og veitingastarfsemi gætu skýrst að hluta með hlutastörfum skólafólks.



Mynd 3.6. *Hlutdeild fyrirtækja í heildarlaunum eftir stærð fyrirtækja árið 2012.*



Mynd 3.7. *Heildararslaun (í milljónum króna) skipt eftir atvinnugreinum á höfuðborgarsvæðinu 2012.*

3.4 Nýstofnun fyrirtækja

Það ber vott um öflugt atvinnulíf að ný fyrirtæki séu stofnuð og að nýliðun eigi sér stað í atvinnugreinum. Þannig fjölgar störfum og nýsköpun eflist eins og fyrr segir.

Hlutdeild nýrra fyrirtækja var á bilinu 1%-5,4% af heildarmannafla í OECD-ríkjum árið 2007.³² Því er iðulega reynt að fylgjast með fjölda nýskráðra fyrirtækja og einnig hversu mörg fyrirtæki hætta rekstri eða eru afskráð. Samkvæmt norrænni rannsókn sem fyrr er getið er stofnaður mikill fjöldi nýrra fyrirtækja ár hvert á Norðurlöndum og viðhorf til frumkvöðla er jákvætt.³³ Það staðfestir könnun Capacent meðal almennings á Íslandi frá fyrra ári. Þar kemur fram að 94% svarenda eru jákvæð gagnvart litlum íslenskum fyrirtækjum.³⁴

Hlutfall nýrra fyrirtækja af heildarfjölda fyrirtækja er nokkuð breytilegt milli landa og var um 10% innan Evrópusambandsins árið 2010. Flest þeirra (77%) eru þjónustufyrirtæki.³⁵ Árið 2012 var hlutfall nýstofnaðra fyrirtækja 9.6% meðal fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu.³⁶ Nýstofnuð fyrirtæki í þjónustustarfsemi voru 85,8% allra nýstofnaðra fyrirtækja á Íslandi árið 2012. Sama ár voru 74,3% nýstofnaðra hluta- og einkafyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu.³⁷ Vegna mikillar samkeppni, skorts á fjármagni og annars vanda sem nýstofnuð fyrirtæki standa frammi fyrir hætta mörg þeirra starfsemi á fyrstu árum rekstrar. Meðaltal níu OECD-landa leiðir í ljós að eftir þrjú ár frá stofnun voru aðeins 54,8% fyrirtækja enn starfandi árið 2007.³⁸ Sambærilegar tölur fyrir Ísland eru ekki tiltækar.

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar³⁹ eru einyrkjafyrirtæki langstærsti hópur nýstofnaðra fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu 2008-2012. Þau eru einnig í hópi þeirra fyrirtækja sem oftast hætta starfsemi. Mynd 3.8 sýnir fjölda fyrirtækja sem eru nýskráð og fjölda fyrirtækja sem hætt hafa rekstri miðað við árið á undan. Myndin sýnir vel sérstöðu einyrkjafyrirtækja og þær miklu sveiflur sem efnahagshrunið skóp. Athygli vekur neikvæð þróun milli áranna 2011 og 2012. Mynd 3.9 sýnir fjölda nýskráðra fyrirtækja árið 2012 og fjölda fyrirtækja sem voru afskráð sama ár. Þar birtist svipuð mynd; það eru allra minnstu fyrirtækin sem eru fjölmennust í hópi nýskráðra og afskráðra fyrirtækja.

³² OECD, e.d.a

³³ Nordic Innovation, 2012.

³⁴ Capacent, 2013.


³⁵ Eurostat, e.d.

³⁶ Hagstofa Íslands, 2013a.


³⁷ Hagstofa Íslands, 2013b.

³⁸ OECD, e.d.b.

³⁹ Hagstofa Íslands, 2013a.



Mynd 3.8. Nýliðunarhlutfall (fjöldi nýstofnaðra fyrirtækja mínus fyrirtæki sem hafa hætt rekstri) eftir stærð fyrirtækja 2009-2012.



Mynd 3.9. Fjöldi fyrirtækja sem voru nýskráð og afskráð á höfuðborgarsvæðinu árið 2012.

Flest gjaldþrot í íslenskum fyrirtækjum voru árið 2012 í byggingariðnaði (228 fyrirtæki), verslunarrekstri (204 fyrirtæki), fasteignarekstri (135 fyrirtæki) og

fjármálastarfsemi (114 fyrirtæki). Tölurnar ná til alls landsins og tölur fyrir höfuðborgarsvæðið eru ekki tiltækar.⁴⁰

3.5 Samantekt

Hér að framan hefur verið fjallað um einkenni fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu.

Draga má helstu einkennin saman á eftirfarandi hátt:

- Þau eru 61,2% af heildarfjölda fyrirtækja á Íslandi.
- Mikill meirihluti þeirra, 91,6%, eru örfyrirtæki með færri en 10 starfsmenn.
- Stærstur hluti launþega starfar hjá stærstu fyrirtækjunum, 37,9%.
- Flest fyrirtækin er að finna í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi; byggingarstarfsemi og verslun af ólíku tagi. Mjög fá fyrirtæki eru skráð sem veitur, í landbúnaði og fjármála- og váttryggingastarfsemi.
- Flest störf er að finna í heild- og smásöluverslunum, framleiðslufyrirtækjum og gisti- og veitingarekstri.
- Miðlungsstór fyrirtæki, með 50-250 starfsmenn, greiða hæstu árslaunin (5,5 milljónir króna), en örfyrirtækin greiða 2,9 milljónir í árslaun.
- Hæstu launin eru greidd í fiskveiðum, fjármála- og váttryggingastarfsemi og hjá veitum.
- Flest fyrirtæki sem eru stofnuð eru einyrkjafyrirtæki og slík fyrirtæki eru einnig oftast afskráð.
- Flest nýstofnuð fyrirtæki eru þjónustufyrirtæki.
- Flest gjaldþrot eru í byggingariðnaði og þjónustustarfsemi.

⁴⁰ Hagstofa Íslands, 2013b.



Hér eru lagðar fram nokkrar tillögur til úrbóta varðandi stjórnsýslu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu:

- *Miðlægur vettvangur (e. One-stop-shop).* Komið yrði á fót sameiginlegri þjónustugátt fyrir stofnun fyrirtækja, starfsleyfi og stuðning varðandi veitingu leyfa bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Slíkur vettvangur tengdist vefsíðum sem til eru, t.d. hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
- *Þjónustuver/Fyrirtækjastofa.* Komið yrði á kerfi að fyrirmynd þess sem er í bankakerfinu og snýr að aðstoð og upplýsingagjöf um bankaþjónustu. Þar leita viðskiptavinir fyrst til þjónustufulltrúa sem leiðbeinir þeim áfram um þann frumskóg af möguleikum sem eru fyrir hendi og þannig er reynt að finna heildarlausn fyrir viðskiptavininn. Hlutverk þjónustufulltrúa væri að aðstoða við að greina vandamál og veita leiðbeiningar um hvar er hægt að fá aðstoð, bæði fjárhagslega og tæknilega, frá stoðkerfum atvinnulífsins. Einnig væri mögulegt að fá aðstoð við gerð umsókna til styrkja og sjóða og aðstoð við gerð rekstrar- og kostnaðaráætlana.
- *Vefgátt.* Komið yrði á vefgátt með öllum helstu upplýsingum sem tengjast stofnun og rekstri fyrirtækja þar sem allar umsóknir væru rafrænar. Hún yrði á vegum hins opinbera og þangað gætu viðskiptavinir sótt leyfisumsóknir, en síðan gæti úrvinnsla þeirra verið áfram hjá núverandi leyfisveitendum. Þar geta einstaklingar og fyrirtæki nálgast samræmda þjónustu og upplýsingar til stofnunar og reksturs fyrirtækja.
- *Betri leiðbeiningar.* Umsækjendur kalla eftir því að geta fengið upplýsingar og aðstoð við leyfisumsóknir og liggja þurfa fyrir í gagngrunni leiðbeiningar um hvaða leyfi þarf, hvar þau er að finna og hvert skuli senda þau. Þannig gæti umsækjandi séð á einum stað hvaða leyfi hann þarf og í hvaða röð, hvaða kröfur hann þarf að uppfylla o.s.frv. og hann ætti kost á handleiðslu eða leiðbeiningum við umsókn leyfa.
- *Stytta afgreiðslufrest.* Leitast við að stytta afgreiðslufrest og upplýsa við innsendingu umsókna hvenær svars er að vænta.
- *Rafrænar umsóknir, samnýta miðlæg gögn.* Allar umsóknir um leyfi ættu að vera rafrænar og fækka ætti beiðnum um rekstrarleyfi, hafa jafnvel bara eitt starfsleyfi fyrir alla starfsemi, þar sem fram kæmu valmöguleikar sem eiga við í hverju tilviki. Til viðbótar ættu opinberir leyfisgjafar að geta aflað upplýsinga sem þarf, þar sem oft er verið að kalla eftir sömu upplýsingunum sem ættu margar hverjar að vera aðgengilegar miðlægt, svo

sem vottorð úr fyrirtækjaskrá, búseta skv. Þjóðskrá, upplýsingar úr sakaskrá o.fl.

- *Byggingarleyfi.* Eins og fram hefur komið er einna flóknast og tímafrekast að sækja um byggingarleyfi eða breytingar á húsnæði. Hér þarf að huga að því að gera ferlið skilvirkara og jafnvel kanna þann möguleika að hafa sameiginlegt byggingareftirlit fyrir höfuðborgarsvæðið.
- *Skilvirkara eftirlit.* Kanna þarf hvort unnt sé að samhæfa eftirlit (byggingareftirlit, heilbrigðiseftirlit, brunavarnir o.fl.) og einfalda kerfið þegar lítil og meðalstór fyrirtæki eiga í hlut.

4.1 Fjármögnun og styrkir

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu búa við skerta samkeppnisstöðu vegna styrkja og fyrirgreiðslu sem fyrirtæki annars staðar á landinu hafa aðgang að, svo sem vaxtar-samningum á landsbyggðinni. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu þurfa, í samvinnu við stjórnvöld, að leita leiða til að styrkja fjármögnun fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu með einhverjum hætti.

4.2 Ráðgjöf til stjórnvalda

- Tryggja fé til ráðgjafar og þjálfunar á frumkvöðlafærni (stjórnun mannauðs, tækni og fjármála sem tengist örum vexti) og á einkaleyfum og hugverkarétti.⁴¹
- Stuðla að auknu rannsóknar- og þróunarstarfi í samstarfi við háskóla og rannsóknastofnanir.
- Hvetja til (klasa)samstarfs milli fyrirtækja til að auka nýsköpun og vöruþróun.
- Auka frumkvöðlafræðslu við innlenda háskóla.

4.3 Almenn ráðgjöf til nýsköpunar- og smáfyrirtækja

- Hvetja eigendur til að fá fleiri hluthafa (2-3) að rekstrinum fljótlega eftir að starfsemi er komin í gang.
- Reyna að fá reynda frumkvöðla (rað-frumkvöðla) eða stjórnendur að rekstrinum, annað hvort sem meðeigendur eða í stjórn fyrirtækja.
- Marka skýra stefnu um útvistun verkefna sem teljast til stoðþjónustu.

4.4 Stuðningur við vaxtarfyrirtæki

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu leitist við að styðja vaxtarfyrirtæki í viðleitni sinni til að tryggja atvinnu og fjölga hálaunastörfum. Hér eru nefndar nokkrar leiðir:

⁴¹ OECD, 2010.

- Sveitarfélög geta í samstarfi við ríki og hagsmunaaðila í atvinnulífi eflt klasa af ólíku tagi, eins og í sjávarútvegi, líftækni, heilbrigðistækni og skapandi greinum. Hlutverk sveitarfélaga er að hafa frumkvæði að því tengja saman aðila og útvega lóðir undir klasastarfsemi (eins og t.d. í Vatnsmýrinni).
- Huga þarfa að skipulagi höfuðborgarsvæðisins í því tilliti varðandi samgöngur, lóðir og tengsl við menntastofnanir og mikilvæga þjónustukjarna.
- Greina þarf frekar einkenni og eiginleika vaxtarfyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu, svo sem í hvaða atvinnugrein þau er helst að finna og hversu stór þau eru.





- Alþjóðabankinn (2014). Ease of doing business in Iceland.
<http://www.doingbusiness.org/data/exploreeconomies/iceland/> (sótt 2. mars 2014).
- Atvest, þróun og ráðgjöf (e.d.). Vaxtarsamningar á landsbyggðinni.
<http://styrkumsoknir.is/vaxtarsamningar-a-landsbyggdinni/> (sótt 2. mars 2014).
- Byggðastofnun (e.d.). Atvinnuþróunarfélög.
<http://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/innlent-samstarf/atvinnuthrounarfelog>.
- Capacent (2013). *Viðhorf almennings til lítilla fyrirtækja og þess að stofna eigið fyrirtæki*. Könnun unnin fyrir Samtök atvinnulífsins. September 2013.
- Chan, Y. E., Bhargava, N. og Street C. T. (2006). Having arrived: The homogeneity of high-growth small firms. *Journal of Small Business Management*, 44 (3), 426-440.
- Daft, R. F. (2007). *Organization Theory and Design*. Mason: South-Western.
- Durst, S., Edvardsson, I. R. og Bruns, G. (2013). Knowledge creation in small construction firms. *Journal of Innovation Management*. 01/2013; 1(1):125-142.
- Eurostat (e.d.). Enterprise birth rates 2009-2010.
[http://epp.eurostat.ec.europa.eu/statistics_explained/index.php?title=File:Enterprise_birth_rates_2009_-_2010_\(%25_of_enterprise_births_among_active_enterprises_in_business_economy\)_new.png&filetimestamp=20140124131641](http://epp.eurostat.ec.europa.eu/statistics_explained/index.php?title=File:Enterprise_birth_rates_2009_-_2010_(%25_of_enterprise_births_among_active_enterprises_in_business_economy)_new.png&filetimestamp=20140124131641)
- Evrópusambandið (2005). The new SME definition: User guide and model declaration.
http://www.europa.eu.int/comm/enterprise/enterprise_policy/sme_definition/sme_user_guide.pdf (sótt 2. mars 2006).
- Frumkvöðlar (e.d.). Styrkir fyrir frumkvöðla. <http://www.frumkvodlar.is/styrkir-fyrir-frumkvoðla/>
- Gallup Organization (2007). *SME Observatory Survey: Summary*.
- Golovko, E. og Valentini, G. (2011). Exploring the complementarity between innovation and export for SMEs' growth. *Journal of International Business Studies*, 42, 362-380.
- Hagstofa Íslands (2013a). Sérunnar tölur fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um fjölda fyrirtækja, stærð þeirra, launagreiðslur o.fl.
- Hagstofa Íslands (2013b). *Landshagir 2013*.
<http://issuu.com/hagstofa/docs/landshagir2013?e=7193385/5220768>
- Ingi Rúnar Eðvarðsson (2006). Stjórnunaraðferðir og skipulag íslenskra fyrirtækja. *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*, bls. 1-28.

- Ingi Rúnar Eðvarðsson og Guðmundur Kristján Óskarsson (2008). [Skipulagsform íslenskra fyrirtækja](#). *Bifröst journal of social sciences* 2.
- Ingi Rúnar Eðvarðsson og Unnur Diljá Teitsdóttir (2013). *Útvistun þjónustu í íslenskum fyrirtækjum*. Könnun 2013. Ótgefið handrit.
- Litunen, H. og Niittykangas, H. (2010). The rapid growth of young firms during various stages of entrepreneurship. *Journal of Small Business and Enterprise Development*. 17(1), 8-31.
- Nordic Innovation (2012). *Nordic Growth Entrepreneurship Review 2012*. Final Report. Nordic Innovation Publication 2012:25. Oslo.
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands (2013). *Greining á rekstrarumhverfi frumkvöðla og fyrirtækja varðandi reglur og leyfi ásamt tillögum að breytingum*. Ótgefin skýrsla. Reykjavík.
- Maskina (2011). *Stofnun nýrra fyrirtækja í Reykjavík*. Könnun unnin fyrir Reykjavíkurborg.
- Mohr, V. og Garnsey, E. (2011). How do high-growth firms grow? Evidence from Cambridge, UK. *Economics, Management, and Financial Markets*. 6(4), 29-59.
- OECD (2010). High-Growth Enterprises: What Governments Can Do to Make a Difference. OECD Studies on SMEs and Entrepreneurship. París.
- OECD (e.d.a). High growth enterprises. Chapter 8.
<http://www.oecd.org/industry/business-stats/39974588.pdf>
- OECD (e.d.b). Employer enterprise survival rates.
<http://stats.oecd.org/index.aspx?queryid=21581>
- O'Reagan, N. og Ghobadian, A. (2004). Testing the homogeneity of SMEs: The impact of size on managerial and organisational processes. *European Business Review*, 16 (1), 64-79.
- Pugh D. S. og Hickson, D. J. (1976). *Organizational Structure in its Context: The Aston Program I*. Saxon House: London.
- RANNÍS (e.d.). Sjóðir. <http://www.rannis.is/sjodir/>
- Rutherford M. W., McMullen P. og Oswald S. (2001) Examining the Issue of Size and the Small Business: A Self Organizing Map Approach. *Journal of Business and Economic Studies* 7(2), 64-81.
- Torrés, O. og Julien, P-A. (2005). Specificity and denaturing of small business. *International Small Business Journal*, 23(4), 355-377.



6.1 Reglur, leyfisveitingar og stofnun fyrirtækja

Við stofnun á fyrirtæki þarf að kortleggja hvaða leyfi þarf fyrir viðkomandi starfsemi. Í ljós kemur að flókið kerfi er fyrir hendi í þeim efnum.

Umsóknir eða umsóknareyðublöð frá neðantöldum leyfisveitendum eru breytileg og mismunandi hvað mikilla upplýsinga er krafist, og í sumum tilfellum eru þetta einfaldar grunnupplýsingar um starfsemi fyrirtækja en í öðrum ítarlegar skýrslur. Sjá má helstu leyfi hér á meðfylgjandi krækju: [Algeng leyfi til atvinnurekstrar](#).

Helstu leyfisveitendur sem flestir þurfa að leita til eru eftirfarandi (í mörgum tilfellum eru fleiri aðilar, allt eftir því hve sérhæfð eða sérstök starfsemin er):

Fyrirtækjaskrá

Allir sem stofna einkahlutafélag þurfa að senda inn gögn til Fyrirtækjaskrár, sem embætti ríkisskattstjóra rekur. Skjölin eru stöðluð og í raun einfalt að fylla þau út og hægt er að senda þau inn í gegnum tölvu og síðan frumrit með pósti.

Ríkisskattstjóri

Öll fyrirtæki sem greiða laun þurfa að vera skráð á launagreiðendaskrá og þar sem þau eru að jafnaði með virðisskattskylda starfsemi fá þau virðisaukaskattsnúmer hjá ríkisskattstjóra.



Sveitarfélög

Sveitarfélög koma við sögu varðandi leyfismál fyrirtækja og er það helst eftirlit á eftirfarandi sviðum:

Skipulags- og byggingarmál

Snúa að þáttum eins og breytingu á nýtingu húsnæðis.

Brunavarnir

Fjalla ekki einungis um brunavarnir og forvarnir heldur einnig um öryggismál almennt.

Umhverfis- og heilbrigðiseftirlit

Hér er m.a. átt við kröfur hvað varðar mengunarvarnarbúnað og hreinlætisaðstöðu.

Sýslumenn

Sýslumenn gegna mikilvægu hlutverki í veitingu starfsleyfa í hverju umdæmi og þangað þurfa flest fyrirtæki að sækja til að fá starfsleyfi, en mjög breytilegt er eftir greinum og fyrirtækjum, jafnvel innan sömu greinar, hversu mörg leyfi þau þurftu til að geta hafið starfsemi.